

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 139/1712

komudagur 15.3 2011



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. mars 2011
EBG

Efni. Umsögn um frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga á 139. löggjafarþingi, þskj. 130 - mál nr. 121

Tilv. 2011030006

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands með bréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 11. nóvember 2010.

Málið er endurflutt og vísað er í eldri umsögn Bændasamtakanna um mál nr. 549 á 138. löggjafarþingi, dags. 28. maí 2010.

Virðingarfyllst

f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Nefndarsvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/2664
komudagur 3.6.2010



Reykjavík, 28. maí 2010
EBG/hó

Efni. Umsögn um frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga á 138. löggjafarþingi,
þskj. 939 – 549. mál
Tilv. 2010050041

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 11. maí 2010.

Bændasamtök Íslands eru í meginatriðum hlynnt fram komnu frumvarpi um grunngerð landupplýsinga og telja margt í því til bóta. Samtökin vilja þó leggja áherslu á og gera eftirtaldir athugasemdir sem þau telja að skipti máli við vinnslu frumvarpsins og framkvæmd laganna síðar.

Bændasamtök Íslands telja mikilvægt að upplýsingar um tilurð gagna í landupplýsingagátt liggi fyrir hverju sinni. Gæði og nákvæmni gagna kann að vera og er líklega yfirleitt mismunandi eftir því hvaðan gögnin koma og hvernig þau eru unnin. Þetta á ekki síst um að gæði og tilurð gagna í sama gagnasafni geta verið með misjöfnum hætti. Skiptir þá miklu máli fyrir notanda upplýsinganna að honum sé ljóst hvaðan gögnin eru upprunnin og hver nákvæmni þeirra er. Þá kann trúverðugleiki gagna einnig að vera breytilegur eftir því hver uppruni þeirra er.

Uppdrættir og teikningar njóta verndar höfundalaga með sama hætti og bókmenntaverk, sbr. 3. mgr. 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972, en Bændasamtök Íslands telja ekki allan vafa af tekinn um hvers konar gögn er rætt um í 2. gr. frumvarpsins. Samtökin telja að gögn með upplýsingum um t.d. landamerki og afmörkun ræktarlands njóti ekki verndar höfundalaga og vilja beina þeim tilmælum til nefndarinnar að því verði haldið til haga og að tekin verði eindregin afstaða til þess til hvaða landupplýsingagagna vernd höfundalaga nær.

Í 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að stjórnvöldum sé ekki skylt á grundvelli þess að afla nýrra gagna. Bændasamtök Íslands telja, m.a. með vísan í athugasemd um 6. gr. í greinargerð með frumvarpinu, að ekki sé ljóst hvort átt er við að stjórnvöldum verði ekki skylt að viðhalda upplýsingum í gáttinni. Samtökin telja nauðsynlegt að tekin verði af öll tvímæli í þessu samhengi.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins er heimilt að innheimta gjald fyrir þjónustu skv. 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Gjaldið skuli taka mið af kostnaði við að veita þjónustu og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Bændasamtök Íslands telja að ákvörðun gjaldsins eigi að vera á hendi ráðherra að fengnum tillögum Landmælinga Íslands, eða þeim aðila sem Landmælingar Íslands fela að sjá um einstaka verkþætti vegna framkvæmdar laganna, sbr. 9. gr. frumvarpsins, enda þannig tryggt að aðhald verði veitt og þ.a.l. að kostnaði stjórnvalda við rekstur upplýsingagáttarinnar verði haldið í lágmarki og þannig þjónustugjaldinu einnig. Það er ekki eðlilegt að stofnun á vegum stjórnvalda bæði rökstyðji fjárhæð gjaldtökunnar og taki ákvörðun um hana á grundvelli eigin rökstuðnings.

Virðingarfyllt

f.h. Bændasamtaka Íslands



Elías Blöndal Guðjónsson

lögfræðingur